

REGLUGERÐ
um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda
landbúnaðarhráefni.

1. gr.

Við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta þau innlendu hráefni sem talin eru upp í 3. gr., er heimilt að greiða mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands til verðjöfnunar. Með útflutningi er í reglugerð þessari átt við sölu vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu fyrir för í millilandaferðum eða á varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

2. gr.

Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði og tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1011	1517.1001	1806.9011	1902.3021	2105.0011
0403.1012	1517.9002	1806.9023	1902.3031	2105.0019
0403.1013	1601.0022	1806.9025	1902.3041	2106.9041
0403.1019	1601.0023	1806.9026	1902.4021	2106.9048
0403.1021	1602.xxxx	1806.9028	1905.9011	2106.9059
0403.1022	1604.xxxx	1806.9029	1905.9051	2106.9064
0403.1029	1806.2003	1806.9039	1905.9090	2202.9011
0403.9011	1806.2004	1901.2017	2103.9051	2202.9012
0403.9012	1806.2005	1901.2023	2103.9052	2202.9013
0403.9013	1806.2006	1901.2024	2104.1011	2202.9014
0403.9014	1806.3101	1902.2021	2104.1012	2202.9015
0403.9019	1806.3109	1902.2022	2104.1021	2202.9016
0403.9021	1806.3202	1902.2031	2104.1022	2202.9017
0403.9022	1806.3203	1902.2041	2104.2001	2202.9019
0403.9029	1806.3209	1902.2042	2104.2002	1905.9019
1905.9040				

Greiðsla verðjöfnunar fyrir ofangreindar vörur fer eftir því magni landbúnaðarhráefnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru og verðjafnað er fyrir, sbr. 3. gr. Þó er ekki heimilt að verðjafna ef magn sérhverrar hráefnistegundar er umfram 60% af heildarþunga.

3. gr.

Upphæð verðjöfnunar á hvert kíló hverrar tegundar hráefnis er mismunur á innlendu og erlendu viðmiðunarverði í samræmi við neðangreinda töflu:

Landbúnaðarhráefni	Innlent viðmiðunarverð	Erlent viðmiðunarverð	Verðjöfnun
	kr./kg/l	kr./kg/l	kr./kg/l
Mjólk	60	26	34
Undanrenna	60	7	53
Rjómi 36%	529	250	279
Nýmjólkurduft	350	99	251

Undanrennuduft	339	66	273
Smjör	259	115	144
Ostur	717	266	451
Egg, skurnlaus	298	131	167
Nautgripakjöt, beinlaust	576	279	297
Kindakjöt, beinlaust	609	413	196
Svínakjöt, beinlaust	455	111	344
Kjúklingakjöt, beinlaust	625	564	61
Hrossakjöt, beinlaust	239	110	129

Í þeim tilfellum þegar afskurður af kjöti er notaður sem hráefni, t.d. í hakk, fars o.þ.h. skal nota margföldunarstuðulinn 0,65 við útreikning verðjöfnunar.

4. gr.

Sækja skal um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytisins eigi síðar en ári eftir að útflutningur á sér stað. Sækja skal sérstaklega um verðjöfnun fyrir hverja vörutegund. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal innihalda upplýsingar um:

- Umsækjanda/útflytjanda.
- Tollflokkun vöru.
- Uppskrift sem gerir grein fyrir hráefnanotkun og samsetningu vöru.

Ráðuneytið getur krafist annarra gagna ef þörf krefur. Ráðuneytið heimilar greiðslu verðjöfnunar fyrir viðkomandi vöru að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar og reiknar út upphæð verðjöfnunar á hvert kíló viðkomandi vörutegundar. Ráðuneytið tilkynnir umsækjanda og tollstjóranum í Reykjavík ákvörðun sína þar sem fram kemur tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar. Verðjöfnunarheimild er að hámarki veitt til tveggja ára í senn.

5. gr.

Sé þess óskað skal umsækjandi afhenda ráðuneytinu sýnishorn af vörum sem verðjöfnun nær til. Ennfremur skal framleiðandi viðkomandi vöru halda nákvæmt bókhald yfir magn og verð þeirra hráefna sem notuð eru til framleiðslunnar og láta þær upplýsingar ráðuneytinu í té, sé þess óskað. Umsækjanda ber skylda til að tilkynna breytingar á hráfnisnotkun til ráðuneytisins sem gefur út nýja heimild til verðjöfnunar ef ástæða er til.

6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík annast greiðslu verðjöfnunar. Umsækjandi sækir um greiðslu verðjöfnunar til tollstjórans í Reykjavík eða tollstjóra í umdæmi útflutningshafnar sem framsendir umsókn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjóri skal greiða verðjöfnun á vöru sem flutt hefur verið út í samræmi við verðjöfnunarheimild, sbr. 4. gr., enda sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að útflutningur hafi átt sér stað t.d. með framvísun útflutningsskýrslu eða framvísun á sölureikningi með áritaðri staðfestingu tollgæslu.

Í umsókn skal koma fram tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar og farmskráarnúmer vegna útflutnings vörunnar. Tollstjórinn í Reykjavík getur krafist annarra gagna sem hann telur nauðsynleg. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn hafa borist honum, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. A. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 259/1996, með síðari breytingum.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.